



# FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

16. OKTÓBER 2006

## FRÁ FORMANNI

### EFNI BRÉFSINS:

**FRÁ FORMANNI 1****ÖRMERKINGAR 1****FUNDARBOD 1****ADGANGUR AÐ  
WORLD FENG 2****DNA-GREINING  
HROSSA 2****FOLALDA-  
SÝNING 2****KYNBÓTA-  
SÝNINGAR Á  
SUÐURLANDI  
2006 2**

### Á DÖFINNI

- Folaldasýning í Ölfushöllinni 21. október 2006
- Haustundur Hrossaræktarsamtakanna í Pingborg 31. okt. 2006 kl. 20:30

**H**rossaræktarsamtök Suðurlands eru á tímamótum eins og kunnugt er. Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi samtakanna þar sem sæðingastarfið er úr sögunni, að m.k. í því formi sem það var rekið. Galsi stendur einn eftir af stóðhestum samtakanna og er mörkuð stefna að hætta stóðhestahaldi. Samtökin verða að skilgreina sig upp á nýtt og finna aðra farvegi fyrir félagsstarfið. Hlutverk HS verður að sjálfsögðu áfram að stuðla að öllum hasgmunamálum greinarinnar eins og 4. gr. samtakanna segir til um.

Talsverðar umræður hafa orðið í stjórninni um hugsanleg hlutverk og verkefni HS í framtíðinni. Rætt hefur verið hvort grundvöllur sé til að HS standi fyrir kaupum á folatollum bestu stóðhesta landsins og selji til félagsmanna á sanngjörnu verði. HS útvegi aðstöðu fyrir ungfola í sumarhögum fyrir félagsmenn þar sem sumum reynist erfitt að koma þeim í “fóstur” yfir sumartímenn. Einnig að “breiða út boðskapinn” þ.e. að bjóða upp á fyrirlestra í stærri hestamannafélögum eða ræktunardeildum. Stefna að kaupum á stóðhestastöðvarhúsinu og finna því hlutverk fyrir félagsmenn. Um-

ræður voru einnig um hlutverk samtakanna á síðasta aðalfundi og væri ekki úr vegi að halda þeim áfram á haustfundinum þann 31. okt nk..



Ákveðið hefur verið að halda aðstöðunni í Gunnarsholti í sama horfi næsta ár, eins og verið hefur, leigja stóðhestahúsið og láta sæðingaaðstöðuna vera á lausu til afnota fyrir Fagrað, ef rannsókn í frjósemi sem til stendur að framkvæma, getur nýtt hana.

Félagsmenn HS eru nú 417 og hafa þeir greitt félagsgjald fyrir árið 2006. Minnt er á að allir sem ganga í félagið fá aðgang að Worldfeng endurgjaldslaust.

Vetrarstarfið er að fara í gang, folaldasýningin okkar nú verður 21. okt og er ákveðið að ungfolasýningin verði 24. mars og Ræktun 2007 verði 28. apríl.

Með haustkveðju,  
Hrafnkell Karlsson

## ÖRMERKINGAR

**Ö**ll hross fædd eftir 1. janúar 2003 eiga lögum samkvæmt að vera ör- eða frostmerkt. Hætt er við að þó nokkuð vanti upp á að svo sé. Nauðsynlegt er að allir hesteigendur geri átak í að merkja sín hross, þannig að þau tilvik þegar ómerkt hross koma fram og eigandi finnst ekki verði óþekkt. Einstaklingsmerkingar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt. Hægt er að fá upplýsingar um örmerkingarmenn á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands á slóðinni [www.bssl.is](http://www.bssl.is) undir hrossarækt.

**Fundargerðir  
HS eru birtar á  
[www.bssl.is](http://www.bssl.is)**

## FUNDARBOD

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í Pingborg þriðjudaginn 31. október og hefst kl. 20:30. Guðlaugur Antonsson og Sigurður Sæmundsson verða með framsögu á fundinum. Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna.

AÐGANGUR AÐ  
WORLD FENG

Eins og vonandi öllum félagsmönnum er kunnugt um eiga skuldlausir félagsmenn rétt á fríum aðgangi að Worldfeng gagnagrunni hrossaræktarinnar. Hvetjum við félagsmenn til að nýta sér þennan rétt. Félagsmenn í HS eru 417 þegar þetta er ritað, þar af nýta 298 félagsmenn sér þessi réttindi. Þessi 29% sem ekki nýta sér þessi réttindi ættu endilega að gera það. Worldfengur er mjög einfaldur í notkun og þurfa menn því ekki að hafa mikla kunnáttu á tölvur til að geta nýtt sér hann. Í WorldFeng er að finna viðamiklar upplýsingar um á þriðja hundrað þúsund íslenskra hesta hérlendis og erlendis. Þar má m.a. finna upplýsingar um ættartölu, afkvæmi, kynbótadóma, eigendur, ræktendur, kynbótamat, liti, örmerki og fleira. Einnig hefur WorldFengur að geyma yfir 3.600 myndir af kynbótahrossum.

Það eina sem skuldlaus félagsmaður þarf að gera er að hringja eða senda tölvupóst til Hrefnu Hreinsdóttur hjá Bændasamtökum Íslands og fá úthlutað leyniord, síminn hjá henni er 563-0300, netfang hh@bondi.is. Áskriftin gildi til 1 júní ár hvert og endurnýjast sjálfkrafa hafi félagsmenn greitt félagsgjöldin fyrir þann tíma.

## FOLALDASÝNING

Undanfarin ár hafa Hrossaræktarsamtök Suðurlands staðið fyrir folaldasýningu í Ölfushöllinni í Ingólfshvoli. Að þessu sinni verður sýningin laugar- daginn 21. október og hefst kl. 20:30.

Folöldunum verður lýst og þeim gefnar einkunnir og áhorfendur taka þátt í vali á álitlegustu folöldunum.

Einnig verða heiðurs hryssa Suðurlands og afreksknapi Suðurlands heiðruð.



Eins og sjálfsagt öllum hrossaræktendum er kunnugt um var á síðasta vetri gert verulegt átak í að DNA-greina hrossastofninn. Átakið var unnið í samvinnu stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins, líftæknifyrirtækisins Prokaria og búnaðarsambandanna í landinu. Búið er að greina 3.500 sýni. Samkvæmt upplýsingum frá Guð-

laugi Antonssyni, hrossaræktar- ráðunaut BÍ, er niðurstaðna að vænta í Worldfeng á næstu vikum. Nú hefur verið ákveðið að Prokaria mun bjóða sömu kjör á DNA-greiningum fram að áramótum. Styrkur sem fékkst til greiningar á sýnum úr dæmdum hryssum er hins vegar ekki lengur inni. Stofnverndar- sjóður greiddi greiningarkostnað á sýnum úr sýndum hryssum sem höfðu fengið 7,5 eða meira í aðal- einkunn. Á Suðurlandi voru tekin líðlega 1.400 sýni, þar af voru 895 sýni úr sýndum hryssum sem fengið höfðu 7,50 í aðaleinkunn eða hærra. Eins og áður segir bíður Prokaria þessi hagstæðu kjör til áramóta og

er því um að gera fyrir þá sem áhuga hafa á að láta taka DNA úr hryssum sínum að panta sýnatöku sem allra fyrst. Tekið er við pöntunum hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í síma 480-1800, einnig er hægt að senda tölvupóst á netföngin halla@bssl.is



og petur@bssl.is. Sýnataka fer þannig fram að tekið er stroksýni úr nös sem er einföld og örugg aðferð. Einungis eru tekin sýni úr einstaklingsmerktum hrossum.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Tímagjald fyrir sýnatöku og frágang	3.000 kr/klst + vsk
Komugjald	2.100 + vsk
Greining á sýni	1.600 kr + vsk
Sýnaglas	250 kr + vsk

Framtíðarsýn fagráðs í hrossarækt er að A-vottun fái einungis á hross sem eru DNA-greind og með sannað ætterni. Það er því tilvalið að nýta sér þessi hagstæðu kjör og láta taka sýni úr þeim hryssum sem ekki var tekið úr sl. vetur og þeim folöldum sem fæddust í ár.

## KYNBÓTASÝNINGAR Á SUÐURLANDI 2006

Á höfuðborgarsvæðinu voru tvær kynbótasýningar í vor og á Gaddstaðafötum voru að venju tvær sýningar, að vori og síðsumars. Alls voru á þessum sýningum sýnd 1.054 hross. Á landinu öllu voru dæmd 1.418 hross ef hross á LM2006 eru ekki talin með. Á LM2006 voru 197 hross sýnd. Þessi 364 hross sem koma til dóms annarsstaðar en á þessum fjórum sýningum sem þegar er getið um koma til dóms á 7 sýningum en ein þeirra er á Vesturlandi, ein á Austfjörðum og hinar á Norðurlandi.

Á Sörlastöðum voru sýnd 231 hross, af þeim náðu 58 landsmótsmörkum. Í Glaðheimum voru sýnd 243 hross af þeim náðu 50 landsmótsmörkum. Á vorsýningunni á Gaddstaðafötum voru sýnd 390 hross og þar náðu 97 hross landsmótsmörkum. Á þessum þrem sýningum náðu því hvorki meira né minna en 205 hross landsmótsmörkum. Á síðsumarsýningunni á Gaddstaðafötum voru sýnd 190 hross.